

**Ávarp Jóns Kristjánssonar
á aðalfundi BHM
maí 2004**

Ágætu aðalfundarfulltrúar.

Það er mér í senn heiður og ánægja að vera boðið að ávarpa aðalfund Bandalags háskólamanna. Þessa bandalags sem hefur barist fyrir hagsmunum háskólamenntaðra starfsmanna í landinu. Bandalags sem hefur vaxið og dafnað í takt við hraðferð þjóðarinnar inn í nútímann síðustu fimm áratugina. Fjölgun aðildarféлага BHM, fjölgun félagsmanna BHM er handföst staðfesting á þeim gríðarlegu breytingum sem orðnar eru á íslensku samfélagi frá því samtökin urðu til, um það leyti að síldarævintýrið síðasta hófst við Íslands strendur, eða þegar Íslendingar tóku í þjónustu sína kraftblökkina.

Ég sé að aðalfundur ykkar er haldinn undir kjörorðunum: Samráð, samstaða, árangur.

Og ég get sagt í fullri einlægni að mér finnst felast í kjörorðunum felast bæði hvíld og kunnugleiki. Þetta segi ég vegna þess að ég lít á mig sem samvinnumann og jöfnuðarmann – enda hef ég langa reynslu af því bæði í starfi, og stjórnmalastarfi, að samráð, samvinna og samstaða skilar oftast meiri árangri en átök og aflraunir.

Ég er til dæmis þeirrar skoðunar að ákvörðun miðstjórnar BHM í mars síðastliðnum að kjósa samvinnu við stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss í stað þess að fara í mál hafi verið skynsamleg, en fyrst og fremst viturleg þar sem samvinna af því tagi sem þar er talað um gagnast félagsmönnum betur en orðaskak í réttarsölum landsins. Samvinna af þessu tagi, eða samráð, getur líka skilað þeim árangri að samskipti stjórnenda og starfsmanna verði almennt talað gegnsærri sem aftur þýðir að báðir aðilar vita örugglega hvar hinn stendur.

Ágætu aðalfundarfulltrúar.

Innan vébanda Bandalags háskólamanna eru fjölmennir starfsmannahópar sem bera uppi kennslu, grunnrannsóknir og opinbera þjónustu í samfélaginu. Það þarf ekki að skoða grannt því mikilvægi starfsstétta og fagfélaga innan vébanda BHM er augljóst. Það er því mikilvægt að milli hins opinbera og starfsstéttanna sé gott samráð og æskilegt er að samstaða geti verið um mál þar sem eru sameiginlegir hagsmunir.

Það er líka mikilvægt fyrir hið opinbera að hlusta vel eftir því sem háskólamenn halda fram því það eru þeir sem menntunar sinnar vegna eiga að vera í þeirri framvarðasveit, sem dregur fram vitneskjuna sem við stjórnmalamenn eigum til dæmis að byggja ákvarðanir okkar á. Sérfræðiálit, sérþekking og yfirgripsmikil vitneskja er forsenda þess að við getum í fyrsta lagi borið okkur saman við aðrar þjóðir og í öðru lagi tekið ákvarðanir sem skila okkur fram á veg í ört harðnandi samkeppni heiminum sem nú er smám saman að breytast í markaðstorg allra.

Til þeirra sem ráða yfir þekkingunni, til þeirra sem hafa átt þess kost í alvöru að kynnast háttum annarra þjóða, eru gerðar kröfur um miðla þekkingunni og reynslunni til samfélagsins og á hinum opinbera vettvangi og það er líka gerð krafa til þess að sá sem veit og þekkir að hann geti líka haldið uppi málefnalegri gagnrýni á opinberum vettvangi. Málefnaleg gagnrýni rúmast líka í kjörorðum aðalfundarins: Samráð, samstaða, árangur.

Ég nefni þetta hér vegna þess að mér finnst stundum að í vaxandi flóði upplýsinga dragi mjög úr gagnrýni á það innihald sem hellt er yfir, eða í okkur, almenna borgara þessa lands. Og ég velti því fyrir mér hvort við séum smám saman að lenda á valdi upplýsinganna, án þess sjálf að velja eða gagnrýna það sem að okkur rétt. Gagnrýni í samræðunni, gagnrýni í samráðinu, er snar þáttur í rökhugsuninni og því megum við aldrei gleyma því að okkur bera að stunda gagnrýni annars náum við ekki árangri. Menntun án gagnrýni er ekki menntun, skoðanaskipti án sjálfsgagnrýni verður innantómt þras. Samtök eins og ykkar eru fyrst og fremst til fyrir félagsmennina og þeim ber eðli máls samkvæmt að standa

vörð um og berjast fyrir hagsmunum félagsmanna í þröngri skilningi þess orðs, en samtökin hafa líka almenna samfélagslega skyldu. Skylduna til að taka þátt í þeirri orðræðu sem fer fram á hinum opinbera vettvangi með gagnrýnum hætti.

Ágætu aðalfundarfulltrúar.

Á þrýðisgóðum fundi sem ég átti með fulltrúum BHM og Landspítala fyrir skemmstu sagði ég þá skoðun mína sem ég endurtek hér að full ástæða er til að hrósa samtökunum fyrir þá vinnu sem þau lögðu í vegna hagræðingaraðgerða sem Landspítali – háskólasjúkrahús greip til fyrr á þessu ári. Það er auðvitað til fyrirmyndar þegar hagsmunasamtök leggja sig fram um að setja fram uppbyggilegar hugmyndir eins og þar var gert, enda ljóst að okkur sem falið hefur verið að fara með yfirstjórn heilbrigðismála er akkur í að heyra sem flestar raddir og víða að okkur sem flestum sjónarmiðum. Við erum í þröngri stöðu í heilbrigðisþjónustunni vegna kostnaðarins og því eru allar góðar hugmyndir vel þegnar. Um framhaldið, eða aðkomu samtakanna að ákvörðunum, get ég og vil ég engu lofa enda lofa ég ekki upp í ermina á mér. Ákvarðanir eru fyrst og fremst stjórnendanna, en almennt endurtek ég það sem ég sagði hér áðan: Almennt talað er ég þeirrar skoðunar að samráð og samstaða um leiðir og markmið, það tryggir árangur.